

Verðlagning á undanþágulyfjum í heildsölu.

Á 114. fundi lyfjagreiðslunefndar þann 10. mars 2009 var samþykkt vinnulag við verðákvörðun á óskráðum lyfjum.

Óskráð/undanþágulyf með minni ársveltu en 1 milljón kr. á heildsöluverði

Umboðsmenn ná í umsókn af heimasíðu nefndarinnar, fylla út og senda á verd@lgn.is Verð öðlast gildi sem fyrst eða eigi síðar en 5 virkum dögum eftir að tilkynning er móttækin.

Óskráð/undanþágulyf sem eru í reglubundum innflutningi með meiri ársveltu en 1 milljón kr. á heildsöluverði

Umboðsmenn ná í umsókn af heimasíðu nefndarinnar, fylla út og senda á verd@lgn.is Verð öðlast gildi þegar samþykki nefndarinnar liggur fyrir. Lyf á undanþágulista lyfjastofnunar sem birtur er í lyfjaverðskrá taka ekki breytingum á verði fyrr en með útgáfu í lyfjaverðskrá.

Bókað á 114. fundi lyfjagreiðslunefndar þann 10. mars 2009

1. Verðlagning á undanþágulyfjum í heildsölu.

Haldið var áfram umræðu frá síðasta fundi. Þar hafið komið fram að allir nefndarmenn eru sammála um að þegar lyf hefur minni ársveltu en 1 milljón kr. á heildsöluverði verði tilkynnt inn verð fyrir viðkomandi lyf sem öðlast gildi sem fyrst eða eigi síðar en 5 virkum dögum eftir að tilkynning er móttækin. Þessi vinnubrögð hefur nefndin nú þegar tekið upp. Fyrir fundinn hafði verið óskað eftir hverju umfangið væri á þeim undanþágulyfjum sem eru útveguð vegna bráðrar nauðsynjar. Einnig hafði verið óskað eftir upplýsingum um hvort 2% gjaldtaka lyfjastofnunar væri algild fyrir undanþágulyf sem eru í reglubundum innflutningi. Þessi gögn höfðu borist fyrir fundinn. Við nánari skoðun hefur komið í ljóst að nánast öll undanþágulyf sem eru útveguð vegna bráðrar nauðsynjar hafa minni ársveltu en 1 milljón kr. á heildsöluverði. Því munu þessi lyf falla undir þá verðlagningu. Ef koma upp undantekningar frá þessu verður það skoðað sérstaklega og tekið tillit til röksemda. Nefndarmenn samþykktu að verðlagning undanþágulyfja sem eru í reglubundum innflutningi sé með sama hætti og skráð lyf auk 2% álags vegna gjalds Lyfjastofnunar. Upplýsingar um verðlagningu á undanþágulyfjum verða settar á heimasíðu nefndarinnar við fyrsta tækifæri.